

Orðanefnd L.Í. - 114

Fundur var haldinn mánudaginn 10. mars 2025 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 114. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Reynir Tómas Geirsson, Magnús Jóhannsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir og Runólfur Pálsson höfðu boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 113. fundar (10. febrúar 2025), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Orðalistar:

Lagðir voru fram orðalistar með færslum úr Íðorðasafni lækna með **spontaneous** (23 færslur), **primary** (59 færslur) og **secondary** (48 færslur) sem JHJ hafði undirbúið og sent nefndarmönnum fyrir fundinn.

Farið var fyrst rækilega yfir listann með **spontaneous** og gerðar margvíslegar lagfæringar eftir fjörugar umræður. Sömu aðferðafræði var beitt á listann með **primary** og þar einnig tekið tillit til þeirra skriflegu athugasemda sem RP hafði sent inn fyrir fundinn.

Yfirferðin reyndist í báðum tilvikum svo umfangsmikil að ekki tókst að ljúka nema um það bil hálfum listanum af **primary**. Síðari helmingi þess lista og listanum með **secondary** var því frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál:

Lágu ekki fyrir til umræðu.

Næsti fundur: Gert er ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 7. apríl 2025 kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.